

13.nóvember 2024

Góðan dag

Meðfylgjandi er ályktun frá stjórn 8.svæðadeild Félags Leikskólakennara um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Átta ár eru síðan gert var samkomulag milli opinberra launagreiðenda og bandalaga stéttarfélaga um breytingar á skipan lífeyrismála. Samkomulagið kveður einnig á um jöfnun launa milli markaða. Ári síðar höfðu lífeyrisréttindi launþega á almennum og opinberum markaði verið jöfnuð.

Kennarar krefjast sambærilegra launa og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar á atvinnumarkaði. Ómálefnalegur launamunur milli markaða hefur haft alvarlegar afleiðingar á íslenskt skólakerfi. Það sárvantar kennara og það er því löngu orðið tímabært að jafna launin og fjárfesta þannig í skólakerfinu og framtíðinni um leið. 8. svæðadeild Félags leikskólakennara tekur eindregið undir áhyggjur foreldra og nemenda af stöðu mála og hvetja viðsemjendur til að ljúka vinnunni sem fyrst. Stjórn 8.svæðadeildar skorar því á sveitarstjórnir að styðja við bak starfsfólks síns og beita sér fyrir því að samið verði við kennara, fyrir þá sjálfa, skólana og ekki síst nemendur skólanna.

Við óskum eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis og að erindið verði tekið fyrir hjá sveitarstjórn.

F.h. leikskólakennara á Suðurlandi,

Oddný Guðríður Pálmadóttir, formaður

Elva Hrönn Alfreðsdóttir, gjaldkeri

Árný Rún Guðnadóttir, ritari